

## SÚPERMANN

*f em7 dm c*  
Súpermann, Súpermann, Súpermann.  
*f em7 dm c*  
Súpermann, Súpermann, Súpermann,  
*f em7 dm c*  
hvað er það í raun og veru sem hann kann?  
*am dm g c*  
Kann hann að elda ýsuflok  
*am dm g c*  
eða lærd'ann aldrei neitt nema fantatök?  
*am dm g c*  
Lærd'ann aldrei að lifa í friði?  
*e7 am d g*  
Var hann alltaf að snúa einhvern úr liði?  
*f em7 dm c*  
Súpermann, Súpermann, Súpermann.  
*f em7 dm c*  
Súpermann, Súpermann, Súpermann,  
*c-dim7 em c#dim7 dm*  
þarft'ekki að taka þér frí frá störfum  
*d-dim7 cm g# g c*  
til að sinna þínum andlegu þörfum?

Þú ert eiginlega hvorki fugl né maður.  
Þú vinnur alltaf sigur  
en ert samt aldrei glaður.  
Þú svífur um með krepptan hnefa á lofti,  
svipað og geðbillaður helikopti.  
Súpermann, Súpermann, Súpermann.  
Súpermann, Súpermann, Súpermann.  
þarft'ekki að taka þér frí frá störfum  
til að sinna þínum andlegu þörfum?

## TÖFRASÖNGUR

*d em7*  
Sumarið góða  
*a d*  
farðu ekki fet,  
*bm e a a-aug*  
ég faðma þig ásamt með rósum.  
*d em7*  
Töframannshattinn  
*a d*  
með trega ég set

*bm e a d*  
til hliðar hjá þurrmjólkurdósum.  
*g/f#m7/em7/a-aug*

Ég taldi upp að einum,  
ég taldi upp að tveim,  
ég taldi upp að rúmlega þremur.  
En hvað er minn galdur  
hjá galdrinum þeim  
sem grænkan í laufinu fremur.

Svona er víst lífið,  
sumri fylgir haust,  
og síðan hrímkaldur vetur.  
Og vindurinn syngur  
voldugri raust  
og vandar sig allt hvað hann getur.

## HUNDURINN SNATI

*g-f-c-em-am-g-f-c*

Tararararæ...  
*am g f c*  
Hundurinn Snari fann fimmaur með gati;  
*am g f c em7*  
hans fyrsta hugsun var að kaupa sér bein.  
*am g f c*  
Hann sperrti upp eyru rak upp hundgá með meiru  
*am g f c em7*  
vildi fjárfesta í hvelli og hraða sér heim.  
*am g f g*  
En hvar hann gengur þessi indæli drengur,  
*am g f c*  
mætir hann hundi með fjármálavit.

*g-f-c-em-am-g-f-c*

Tarararararæ!

Og hann segir, Snati, að mínu mati  
er það skylda hvers hunds að grafa sitt bein.  
Ég ráðlegg þér Snati að hætt'öllu frati  
og leggðu nú beinið inn á fimm ára bók.  
Og vinurinn, Fróði, fjármálahundurinn góði, sagði:  
Minnstu þess, Snati, nú áttu verðtryggt bein!

Tararararæ!

Og hundurinn Snati sem fann fimmaur með gati  
var glaður og reifur og lapti dauðann úr skel.

Og yrði hann hryggur þá var einn hlutur tryggur:  
að beinið í jörðinni stækkaði og óx.  
Því hundurinn góði, fjármálahundurinn Fróði, sagði:  
Þú græðir vexti og síðan vexti af þeim!

Tararararæ!

## FÓTGÖNGULAG

*f#m f#mmaj7*  
Þarna fljúga fuglarnir  
*f#m7 f#m6*  
svo feykilega skrautlegir  
*c#m c#m7 c#m6*  
um loftin blá.  
*f#m f#mmaj7*  
Og vindurinn er vorlegur  
*f#m7 f#m6*  
og varminn ekki slorlegur.  
*c#m c#m7*  
Með hýrri há  
*am*  
ég hoppa á tá.  
*b g#7 c#m c#m7*  
Já, sælir um sólbjartan dag  
*f#m b e*  
við sönglum vort fótgöngulag.

Blóm og grös og berjalyng,  
blágresi og hrafnaping  
í klettagjá.  
Og þarna flýgur fálkinn hátt,  
fetar sig í sólarátt.  
Með hýrri há  
ég hoppa á tá.  
Okkur líður eins og laufi grein.  
Lækjarniðurinn bætir öll mein.

Og þegar sólin sindrar rauð  
við setjumst niður étum brauð  
úr nestismal.  
Og tölum lágt um tilgang þess  
að tíminn líður, segir bless.  
Ó, tíma tal í tímans sal.  
Samt líður okkur lygilega vel,  
við erum léttir eins og fuglar með stél.  
Já, sælir um sólbjartan dag

við sönglum vort fótgöngulag.

## VONARSTRÆTI

*c em7 am am/g*  
Í Vonarstræti vakir stjarnan mín  
*f g c g7*  
er veröld dagsins hljóðnar, birtan dvín.  
*c em7 am am/g*  
Og lítil ský sem lifa stundum hátt  
*f g c*  
þau líta um öxl og hverfa í suðurátt.

*am g f c*  
Ó, ljúfi vindur ljá mér vænginn þinn,  
*am g f*  
ég læt mér nægja annan ...  
*fm a#7 c*  
annan - þú átt hinn.

Ó, leið þú mig um loftsins hálu slóð  
og lát mig heyra, bróðir, heimsins óð.  
Ég bý mér fley með bugspjót og með rá  
sem ber mig stolt um himinhöfin blá.

Samt er það víst að vörin mín er hér  
í Vonarstræti  
stjarnan mín hjá þér.

## ÞÁ ER GOTT AÐ EIGA VIN

*am ammaj7 am7 a#m6*  
Ég sé að framtíðin færast ört nær;  
*dm g c e e7*  
Veröldin breyttist er fæddist þú í gær.  
*am ammaj7 am7 a#m6*  
Ég veit þú bráðlega stígur á stokk,  
*dm g c e e7*  
státar af úlpu og hlýjum ullarsokk.

*a bm7 a bm7*  
Þá er svo gott að eiga góðan vin  
*a bm7 f g a*  
sem þekkir frumskóginn og stormsins hvin.

Þú eignast þríhjól og þýtur af stað,  
þú kaupir byssu og erlent myndablað.  
Ýmislegt gerirðu andlaust og ljótt.  
Er ekki skrítið hvað það gleymist aftur fljótt?

Þá er svo gott að eiga góðan vin  
sem þekkir frumskóginn og stormsins hvin.

Þú tengist rásum 5, 6 og 7,  
sjónvarpið gætir þín frá átta til tvö.  
Lykilinn hangir um hálsinn á þér.  
Hamborgari í matinn og ekta gervismér.

Þá er svo gott að eiga góðan vin  
sem þekkir frumskóginn og stormsins hvin.

## VÖGGUVÍSA

*g f#7 bm d-aug*  
Dagur liðinn, ljósið dvín,  
*em7 d-sus2 d*  
lofum það er færð'ann með sér.

*g f#7 bm d-aug*  
Veröld sefur, vindur hvín,  
*em7 d-sus2 d*  
vefðu þig að brjósti mér.

*a g a d em7 f#m7*  
Það er svo ljúft að geta lokið aftur brá  
*a g a d em7 f#m7*  
og látið drauma sína bylgjast til og frá.  
*bm d-aug*  
Stjarnanna her  
*d d-5 a*  
stafar ljósi á enni þér.

Þú veist að sérhver dagur deyr.  
Í duftið hverfur sérhvert blóm.  
Og það sem var það er ei meir;  
eftir standa orð þín tóm.

Það er svo ljúft að geta lokið aftur brá  
og látið drauma sína bylgjast til og frá.  
Stjarnanna her  
stafar ljósi á enni þér.

Ó, mannsins son með haga hönd  
og hrollvekjandi lipurt skyn.  
Þú munt í bítinu brjóta lönd  
og berjast við þitt eigið kyn.

Þó er svo ljúft að geta lokið aftur brá  
og látið drauma sína bylgjast til og frá.  
Stjarnanna her  
safnar perlum í hendur þér.  
Stjarnanna her  
stafar ljósi á enni þér.

## VARNAÐARORÐ KATTARINS

Hver er villtur og hver er vel menntur?  
Hver er mæðinn og hver er vel tenntur?  
Lítið á þennan ljóta mann,  
List ykkur á að fá milljón eins og hann?

Hugsiði dýr, hugsaðu kýr!  
Þetta feldlausa fól, með fjandsamleg tól!  
Þetta gulrótarnef, alltaf með kvef!  
Eruði bræður með ráði og rænu?  
Eruði systur með ráði og rænu?  
Á jörðin að uppfyllast af eftirmyndum hans?

Maðurinn taminn er taumlaus vera.  
Taminn vill hann helst steikja og skera.  
Hann brennir mark sitt á ykkar bök  
og býr okkur öllum loks ragnarrök!

## Í HINUM VOTA SKÓTI

Í hinum vota skógi eru villidýr á sveimi.  
Um villidýraslóðir með ægilegu breimi.  
Við kunnum að læðast og líða um hljótt.  
Okkur líkar best þegar komin er nótt.  
Hér eru villiköttur og villihundur  
Og villihestur sem er algjört undur.  
Og hér er villikýrin líka.  
Já, já, já!

*C em7 f g*  
Við reikum um í villidýraskóginum ríka.  
*C em7 f g*  
Þetta er reglulega samhent villidýraklíka.  
*C em7 f g*  
Við högum okkar lífi eftir ljóssins úri  
*c em7 f g e*  
og langar ekki hót að sitja í villidýrabúri!

## ÓÐUR HESTSINS

*g*  
Sterkur og þolinn, stoltur og hlýr,  
*d*  
mér sálargáfna enginn frír.  
*c d g em*  
Það er sem mér þykir verst  
*c d g*  
að þekkja engan annan hest.  
*c g*  
Ég þjóna páfum, jafnt og prestum.  
*c g*  
Ég puða í námum og niðri í lestum.  
*c g*  
Ég ber á baki vonða trassa  
*a a7 d*  
sem væri betur komnir oní kassa.

Hundurinn farinn, horfinn á braut,  
til hellis villimannsins þaut.  
Það var sem mér þyngdi um stund,  
ég þekki engan annan hund.

Ég býð þér arminn, indæla kýr,  
við eigum samleið jórturdýr.  
Ég vildi heldur vera steinn  
en vaga lengi um hagann einn.

Væri ég maður, mundi ég þjóta,  
malbikuð stræti á fægðum Skoda.  
Þú sætir frammí, fagra Búbót.  
Ó, hve ég ann þér, unga snót!

## KÖTTURINN SEM FER SÍNAR EIGIN LEIÐIR

*c g am7 g#*  
Ég er kötturinn sem fer sínar eigin leiðir.  
*c a7*  
Mér eru allir –  
*d7 g7 c*  
allir staðir jafn kærir. *g# - g*  
*c g am g#*  
Ég er kötturinn sem kemur og fer.  
*c a7*  
Mér eru allir –  
*d7 g7 c*  
allir staðir jafn kærir.

*e e7 am/g*  
Mér er ferðafrelsið meira en innantómt orð,  
*d dm*  
líf mitt er hreyfing,  
*g g-aug*  
ég er þannig gerður.  
*e e7 am/g*  
Enginn skal halda að ég sé háseti um borð,  
*d dm*  
ég hata púlið,  
*g g-aug*  
ég er þannig gerður.

Ég er kötturinn sem kúrir við þinn ofn.  
Mér eru allir –  
allir ofnar jafn kærir.  
Ég er kötturinn sem lepur úr þinni skál.  
Mér eru allar –  
allar skálar jafn kærar.

Því ég er villtur og ég verð það alla tíð,  
vonlaus til nytja,  
ég þoli ekki helsi!  
Sumum er það hulið hvað ég á móti býð:  
hugmynd um lífið –  
hugmynd um frelsi!  
Mér er frelsið meira en inntómt orð.  
Mér eru allir –  
allir staðir jafn kærir.

## JÓRTURDÝR

*c em7 dm7 g*  
Ég er bara friðsælt jórturdýr.  
*g g7*  
Kór: Hún er jórturdýr.  
*c em7 dm7 g*  
Ég er bara saklaus mjólkurkýr.  
*g g7*  
Kór: Hún er saklaus kýr.

*am am/g*  
Ég er uppspretta fæðu og fjörefnakosta  
*f e e7*  
auk fjölda landsfrægra osta.  
*am am/g*  
Ég framleiði mýsing og mjólkurís  
*f e e7*  
sem mannkynið syngur nú lof og prís.

*c em7 dm g7*



Kór: Hún er Búbót, hún er okkar móðir  
c em7 dm g  
og margir eru hennar kostir góðir.

Ég framleiði:

am am/g  
Jógúrt og rjóma, mysing og mjólk  
f e  
mygluosta og ísa.

am am/g  
Mannkynið ætti að hampa mér hátt,  
f e e7  
heiðra mig lofa og prísá.

Kór: Hún er Búbót, hún er okkar móðir  
og margir eru hennar kostir góðir.

Ég er samvinnuhneigð eins og siður er kúa,  
að samneyslughugmyndum vildi ég hlúa.  
Við vitum að hungur er hræðileg þína;  
því býð ég heiminum mjólkina mína.

Kór: Hún er Búbót, hún er okkar móðir  
og margir eru hennar kostir góðir.

## TRÚARJÁTNING HUNDSINS

d f# bm g a  
Er nokkur tryggari, trúrri í raun?  
d f# bm g a  
Ég tek að mér skítverk fyrir lágmarkslaun.  
d a g d  
Ef húsbóndinn bendir, ég hendist af stað,  
a g d  
hávær og glefsinn eins og síðdegisblað.

d a  
Ég stend vörð um þín vé,  
g d  
ég vakta þitt fé;  
a  
mín ósk er ein:  
g f#m em a d  
ég æski þess að fá að naga bein –  
g f#m em a bm a  
að fá í hlut minn hundraðþúsund bein.

Alhliða þjónn með þarfir smáar,  
þekkileg skepna með kröfur fáar  
sem trúir á reglu og rökstudda dóma,

raddsterka menn og heiður og sóma.

Ég stend vörð um þín vé,  
ég vakta þitt fé;  
mín ósk er ein:  
ég æski þess að fá að naga bein –  
að fá í hlut minn hundraðþúsund bein.

## HVER ER FEGURST FOLDU Á

*c e am f*  
Hver er fegurst foldu á,  
*c d g g7*  
fýrinn minn litli með húfu?  
*c e am f*  
Hver er lamb og lipurtá,  
*c d g c*  
lyndisprúð á við dúfu?

*a a7 dm*  
Augnastjörnur um ómælisgeim  
*g g7 f c*  
ætið þér veginn lýsa.  
*a a7 dm*  
Er ekki ráð að arka heim  
*g f c*  
engilinn sinn að prísá?

Þegar klakans kuldabönd  
keyra allt líf í dróma  
segir hún þér frá sumarströnd  
og syngur um nýjan blóma.

Og þegar röðull rís á ný  
og rúmið þitt baðast ljósi  
kemur hún til þín kát og hlý  
með kúamjólk utan úr fjósi.

Hver er fegurst foldu á,  
fýrinn minn litli með húfu?  
Hver er lamb og lipurtá,  
lyndisprúð á við dúfu?

Augnastjörnur um ómælisgeim  
ætið þér veginn lýsa.  
Er ekki ráð að arka heim  
engilinn sinn að prísá?

## TAKIÐ SÁPU OG SÓP

Ég er kominn til að eyða öllu slugsí og sleni.  
Ég er sleginn yfir ástandinu í þessu feni.  
Er nokkrum manni ætlandi að búa í svona greni?  
Já, svona greni!  
Takið sápu og sóp,  
svona, enga leti, ekkert skróp!  
Takið sápu og sóp!  
Í þessum vota skógi eru alltof mörg,  
í þessum vota skógi eru alltof mörg letidýr!

Ég er kominn til að mennta ykkur í menningarsíðum.  
Mannlífið nú tekur við með sáttmála og griðum,  
rafmagnsdrifnum kjöthnífum og útidyrhliðum –  
já, útidyrhliðum!

Ryksuga, kjötfars og kartöfluflogur,  
kransakökur, grillofn og áframhaldssögur,  
kaffi og með því klukkan rúmlega fjögur –  
já, svona upp úr fjögur.

Takið sápu og sóp!

## Á HÖTTUNUM EFTIR KETTI

*g c g g c g*  
Kattarsmánin horfin, hvað skal gera nú?  
*g c g d g*  
Kattarins við leitum, hægri, vinstri, snú!  
*g c g c g*  
Kötturinn er lævís, kötturinn er klár.  
*g c g d g*  
Kötturinn er lipur, það veit ég upp á hár.

*am am7 d*  
Er kötturinn minn kannski hjá þér?  
*em c*  
Kauði er að rústa mitt fjölskyldulíf!  
*am am7 d*  
Ég heiti á þig, hjálpaðu mér  
*em c d c d*  
að færa heim köttinn!

Barnið heimtar köttinn. Barnið öskrar hátt.  
Ég verð að finna köttinn og bjóða honum sátt.  
Kötturinn hann sást hér; skildi eftir boð:  
sagðist koma aftur fengj'ann rjóma og soð.

Er kötturinn minn kannski hjá þér?  
Kauði er að rústa mitt fjölskyldulíf!  
Ég heiti á þig, hjálpaðu mér  
að færa heim köttinn!

## KÖTURINN HENNAR MILLU

*c* *e* *am* *f*  
Kötturinn hennar Millu fékk meiriháttar dillu,  
*c* *g* *f*  
hann sagðist vera svifdrekamaður.  
*c* *e* *am* *f*  
Hann klifraði upp á þak með kúst og gamalt lak  
*c* *g* *f*  
og sagðist vera svifdrekamaður.  
*c* *em7* *am/g* *f*  
Hann sagðist vera svifdrekamaður, fór upp á þak,  
*dm* *a#* *g*  
mældi vindinn, taldi skýin.  
*c* *em7* *am/g* *f* *dm*  
Hann sagðist vera svifdrekamaður, leiðin var greið  
*a#* *g*  
undan vindi yfir skýin hann  
*fm* *fm6* *fm7* *fm6*  
svei – eif – eif ...

*c* *e* *a* *f*  
Hann lenti fyrst í Róma og fékk sér ís með rjóma  
*s* *g* *f*  
og sagðist vera svifdrekamaður.  
*c* *e* *am* *f*  
Svo kom hann við í Kína og kveðju bar þeim fína  
*c* *g* *f*  
og sagðist vera svifdrekamaður.

Hann sagðist vera svifdrekamaður, fór upp á þak,  
mældi vindinn, taldi skýin.  
Hann sagðist vera svifdrekamaður, leiðin var greið,  
undan vindi, yfir skýin hann sveif,  
ójá, hann sveif.

Kötturinn hennar Milli fékk meiriháttar dillu,  
hann sagðist vera svifdrekamaður.  
Hann flaug um allan heiminn og kannaði því næst geiminn  
því hann var orðinn geimferðamaður.

## LÍFIÐ ER STUTT

*d* *d-maj7*  
Lífið er stutt, maðurinn smár

*d7* *g*  
og ekkert sem aldrei bilar.

*em7* *a*  
Tíminn er okkur mældur,  
*f#* *bm a*  
takmörk eru okkur sett.

*g* *d*  
Samt eigum við rúm og ágæta sæng

*a* *a7* *dsus4 d7*  
með ilmandi dún undan gæsarvæng.

*g* *d*  
Og við eigum draum um dálítið ljós  
*a* *a7* *dsus4-g#dim-g-d*  
sem dafnar og stækkar og fer til sjós.

Lífið er stutt, ljóð okkar fá  
og ekkert sem aldrei fölnar.  
Andartak erum við saman;  
eilífðin tekur við.  
Samt eigum við rúm og ágæta sæng  
með ilmandi dún undan gæsarvæng.  
Og við eigum draum um dálítið ljós  
sem dafnar og stækkar og fer til sjós.

Lífið er stutt og laun okkar smá  
og langflestir deyja með ófyllta þrá.  
En þó að hrannist á himininn ský  
og hafið sé svart eins og storkið blý  
þá eigum við rúm og ágæta sæng  
með ilmandi dún undan gæsarvæng.  
Og við eigum draum um dálítið ljós  
sem dafnar og stækkar og fer til sjós.